

Fundargerð 250. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Fundarsalur Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 8. júní 2021
Fundartími:	13:00 – 17:30
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hrafnkell Guðnason varaoddviti Margrét Jónsdóttir Rósa Matthíasdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Sigurjón Vídalín, Geotækni ehf undir lið nr. 4 Sara Guðjónsdóttur starfandi leikskólastjóri undir lið nr. 7

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Við dagskrána bætist liður nr. 19. Viðauki I við fjárhagsáætlun 2021 – 2024. Aðrir liðir færast aftar sem því nemur. Einnig bætist við liður nr. 23. Önnur mál, a) námusvæði við Urriðafoss, b) dagsetning íbúafundar – frestað vegna íþróttamóts og c) fundartími næsta sveitarstjórnarfundar.
Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 217, dags. 12.05.2021

a) Laugardalur land L206145; Stækkun Svarfhólsvallar; Framkvæmdaleyfi

Lagt fram til kynningar. Framkvæmdaleyfi vegna stækkunar Svarfhólsvallar var samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps þann 30. apríl 2021.

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn Flóahrepps leggur fundargögn skipulagsnefndarinnar og bókun varðandi málið fram til kynningar.

b) Krækishólur lóð L166421; Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting – 2103050

Umsókn Nuuk ehf. vegna breytinga á deiliskipulagi að Krækishólum lóð L166421 var frestað á 214. fundi skipulagsnefndar þar sem mælt var til þess að vegtegnung að lóðum vestan skipulagssvæðisins verði skoðuð í samhengi við gerð deiliskipulagsins. Brugðist hefur verið við athugasemd skipulagsnefndar innan framlagðrar breytingar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Lögð er fram umsókn frá Nuuk ehf er varðar breytingu á deiliskipulagi Krækishóla L166421. Í fyrirbyggjandi gögnum með umsókninni kemur fram að óskað er eftir heimild fyrir 13 frístundalóðum á svæði sem í heild sinni er skilgreint sem frístundabyggð.

Afgreiðslu málsins var frestað á 247. fundi sveitarstjórnar og óskað eftir að tekið væri tillit til aðgengis að lóðum vestan skipulagssvæðisins. Brugðist hefur verið við athugasemdinni og aðgengi aðliggjandi lóða vestan skipulagssvæðisins með því tryggt. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir breytingu á deiliskipulagi Krækishóla lóð L166421 og stækkun byggingarreits. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 21 – 142 – 2104006F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 05.05.2021.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 218, dags. 26.05.2021

a) Vælugerðiskot L166404 og Þingdalur land L209949; Skilgreining bygginga; Deiliskipulag – 2105028

Lögð er fram umsókn frá Landhönnun slf. f.h. lóðarhafa er varðar nýtt deiliskipulag í landi Vælugerðiskots og Þingdals. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss, reiðskemmu og vélaskemmu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Lögð fram umsókn um nýtt deiliskipulag í landi Vælugerðiskots og Þingdals þar sem gert er ráð fyrri uppbyggingu á íbúðarhúsi, gestahúsi, reiðskemmu og vélaskemmu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa það á grundvelli 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Landsáætlun í skógrækt 2021 – 2031; Umhverfismat; Umsagnarbeiðni – 2105023

Lögð er fram umsagnarbeiðni er varðar umhverfismat vegna landsáætlunar í skógrækt 2021-2031.

Lagt fram til kynningar.

Gögn um landsáætlun í skógrækt 2021 – 2031; Umhverfismat; Umsagnarbeiðni, og bókun skipulagsnefndar lögð fram til kynningar.

c) Bitra land L200842; Veglagning; framkvæmdaleyfi – 2105040

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi innan lands Bitru L200842. Í umsókninni felst að óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir lagningu vegar á grundvelli deiliskipulags frá 2007 sem aldrei tók gildi. Auk þess er óskað eftir heimild fyrir borun eftir vatni innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulag svæðisins verði klárað í ferli áður en heimildir verða veittar fyrir framkvæmdum innan þess. Nefndin mælist til þess að umsókn um framkvæmdaleyfi verði synjað.

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi innan lands Bitru L200842 þar sem óskað er eftir leyfi fyrir veglagningu og borun á vatni á grundvelli ósamþykks deiliskipulags frá árinu 2007. Sveitarstjórn Flóahrepps synjar umsókninni. Umsækjanda er bent á að nauðsynlegt er að ljúka deiliskipulagsferli svæðisins áður en fyrirhugaðar framkvæmdir geta hafist.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Hnaus 2; Mosató 3 hótél L225133; Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting – 2105070

Lögð er fram umsókn frá 360 ° ehf. er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi á lóð Mosató 3 hótél L225133. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður og vatnsvernd er felld út þar sem hótelið er orðið tengt vatnsveitu Flóahrepps.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Fyrir liggur umsókn frá eigendum 360 ° hótels í Mostató 3 L225133, um óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar. Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits og að vatnsvernd er felld út.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi beiðni um breytingu og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Sviðugarðar land L210074; Deiliskipulag – 2105076

Lögð er fram umsókn frá Þórlaugu Bjarnadóttur er varðar nýtt deiliskipulag í landi Sviðugarða L210074. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarreit innan landsins þar sem gert er ráð fyrir allt að 100 fm sumarhúsi, 40 fm gestahúsi og 25 fm geymslu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Fyrir liggur umsókn um nýtt deiliskipulaga í landi Sviðugarða L210074; Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarreit innan landsins þar sem gert er ráð fyrir allt að 100 fm sumarhúsi, 40 fm gestahúsi og 25 fm geymslu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa það á grundvelli 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Súluholt 2 (L228667); umsókn um byggingarleyfi; skemma – 2104103

Fyrir liggur umsókn Tómasar E. Tómassonar, með umboð landeiganda, móttekin 28.04.2021, um byggingarleyfi til að byggja 440,9 m² skemmu á íbúðarhúsalóðinni Súluholt 2 L228667 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Fyrir liggur umsókn eigenda íbúðarhúsalóðar í Súluholti 2 L228667 um byggingarleyfi fyrir skemmu. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að málið fái málmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um grenndarkynningu. Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi komi ekki fram athugasemdir í kynningarferli.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Loftstaðir – Vestri lnr. 165512; Ferðapjónusta; Tjöld og þjónustuhús; Aðalskipulagsbreyting – 1712001

Lögð er fram að nýju beiðni um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps er varðar skilgreiningu á verslunar- og þjónustusvæði á jörð Loftstaða-Vestri L165512. Afgreiðslu málsins var frestað á 212. fundi skipulagsnefndar.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki fyrirbyggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna Loftstaða-Vestri í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Málið verði sérstaklega kynnt landeigendum aðliggjandi jarðar Loftstaða-Eystri.

Lögð fram að nýju beiðni um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 er varðar skilgreiningu á verslunar- og þjónustusvæði á jörð Loftstaða – Vestri L165512.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna Loftstaða-Vestri í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni grenndarkynningu aðliggjandi jarðar, Loftstaða-Eystri. Gerður er fyrirvari um samþykkt skipulagsstofnunar á breytingunni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 21-143 -2105003F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 19.05.2021

3. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Austurbyggð II, Selfossi – umsagnarbeiðni

Lagt fram erindi frá Antoni Kára Halldórssyni skipulagsfulltrúa í Árborg þar sem óskað er eftir umsögn Flóahrepps vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Austurbyggð II í Árborg. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Heiðargerði 1 iðnaðarlóð – umsókn um leigulóð

Lagt fram erindi frá Geotækni ehf um leigu á lóðinni Heiðargerði 1, vegna fyrirhugaðrar áburðarframleiðslu úr lífúrgangi með hjálp ánamaðka.

Sigurjón Vídalín Guðmundsson mætti til fundarins og fór yfir áætlanir um uppbyggingu vegna starfseminnar. Fram kom að lyktarmengun vegna framleiðslunnar er lítil sem engin. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í upphafi árs 2022.

Hrafnkell Guðnason véc af fundi við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að ganga til samninga við Geotækni ehf og felur sveitarstjóra að ganga frá leigusamningi á sömu forsendum og eru um aðrar lóðir á iðnaðarsvæðinu í Heiðargerði.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

5. Erindi frá eigendum Hótel Vatnsholts

Lagt fram erindi frá eigendum Hótel Vatnsholts þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn Flóahrepps veiti hótelinu tímabundið starfsleyfi til rekstrar á tjaldsvæði við hótelið þar til deiliskipulag og útgáfa starfsleyfis á vegum UTU og HSL liggja fyrir.

Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar hugmyndum um aukinn atvinnurekstur í sveitarfélaginu en hafnar beiðni um tímabundið leyfi til rekstrar á tjaldsvæði. Sveitarstjórn Flóahrepps bendir umsækjendum á að fara í lögbindið ferli við deiliskipulag þjónustusvæðisins og aðkomu að svæðinu, þar sem tiltekið er hvaða uppbygging er fyrirhuguð í tengslum við hótelið í Vatnsholti á komandi árum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Bréf til sveitarstjórnar – laugaganga hrossa/hrossarekstrar

Lagt fram erindi frá Haraldi Einarssyni og Birnu Harðardóttur á Urriðafossi þar sem fram koma áhyggjur þeirra af öryggi íbúa á Urriðafossi og ferðamanna vegna lausra hrossa sem eru á ferðinni á vegsvæði Vegagerðarinnar í gegnum jörðina Urriðafoss. Vegurinn liggur á kafla nánast um hlöð íbúðar- og útihúsa.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar erindið og gagnlegar ábendingar og felur oddvita og sveitarstjóra að boða fulltrúa Vegagerðarinnar, jarðeigenda og reiðveganefndar Sleipnis á fund þar sem öryggissjónarmið verði höfð að leiðarljósi og leita leiða til þess að finna ásættanlega lausn í málinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Erindi frá leikskólastjóra Krakkaborgar

Lagt fram erindi frá Söru Guðjónsdóttur starfandi leikskólastjóra á Krakkaborg þar sem farið er yfir ýmsa þætti í rekstri og starfi leikskólans, opnunartíma, styttingu vinnuviku, viðauka við fjárhagsáætlun, Leikskóladagtal fyrir árið 2021-2022, snemmtæka íhlutun, samkomulag við FSU og heilsuefandi samfélag – tillögu um líkamsræktarstyrki starfsmanna. Sara Guðjónsdóttir starfandi leikskólastjóri mætti til fundarins og fylgdi erindinu eftir.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar erindið og gagnlegar upplýsingar.

Leikskólakennarar hafa greitt atkvæði um sama fyrirkomulag á styttingu vinnuviku og verið hefur með þeirri undantekningu að starfsmenn í hlutastarfi taki ekki styttingu heldur fái hækkað starfshlutfall sem nemur mánaðarlegri styttingu.

Sveitarstjórn samþykkir leikskóladagatalið eins og það liggur fyrir og áframhaldandi styttingu vinnuviku þeirra starfsmanna sem eru í fullu starfi og hækkun á starfshlutfalli þeirra sem eru í hlutastarfi. Tillaga er gerð um að opnunartími leikskólans verði vegna styttingar vinnuviku, fyrri hluta skólaársins 2021 – 2022 frá klukkan 7:45 – 16:15 og 7:45 – 15:10 á föstudögum. Fyrirkomulagið verði endurskoðað um næstu áramót.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Viðauki vegna launaliðar verður afgreiddur með „Viðauka I“ í lið nr. 19.

8. Skipulagsmál endurskoðun deiliskipulags – Heiðargerði, Þingborg

Lagður fram samningur milli Flóahrepps og Eflu hf verkfræðistofu kt. 621079-0189 um breytingu á deiliskipulagi íbúðasvæðis Þingborgar sem felur í sér að 2 - 4 íbúðarhúsalóðir breytist í par/raðhúsalóður og endurskoðun á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði í Heiðargerði, fjölgun lóða og afmörkun lóða.

Samningurinn samþykktur með 5 atkvæðum.

9. Samþykktir UTU og gjaldskrár – endurskoðun

a) Tillaga að nýjum samþykktum fyrir UTU

Lögð fram tillaga að nýjum samþykktum UTU. Þar sem vinna lögmannna á vegum SASS við yfirferð á samþykktum allra samstarfsverkefna sveitarfélaganna stendur ennþá yfir er afgreiðslu samþykktu fyrir UTU frestað.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Gjaldskrá UTU vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa

Lögð fram tillaga að gjaldskrá UTU vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa staðfest af stjórn UTU.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða gjaldskrá með 5 atkvæðum.

10. Menningarstyrkur Flóahrepps – afgreiðsla umsókna

Flóahreppi hafa borist 2 umsóknir um menningarstyrk fyrir árið 2021. Fagráð SASS og menningarnefnd Flóahrepps hafa fjallað um umsóknirnar. Í álitum fagráðsins og menningarnefndar Flóahrepps kemur fram að töluvert skortir á að umsóknargögn séu fullnægjandi miðað við reglur Flóahrepps um úthlutun menningarstyrkja. Ekki er skýrt til hvaða verkhluta styrkurinn er hugsaður eða hver er áætlaður kostnaður á yfirstandandi ári. Auk þess vantar heildarkostnaðaráætlun vegna beggja verkefna.

Menningarnefnd Flóahrepps sér sér ekki fært að mæla með styrkveitingum til umsækjenda að þessu sinni og leggur til að afhending Menningarstyrks Flóahrepps verði látin falla niður þetta árið.

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir bókun menningarnefndar Flóahrepps og samþykkir að ekki verði veitt menningarverðlaun Flóahrepps fyrir árið 2021.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Frá skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla tillaga um vinnureglur:

a) Reglur um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur

Lögð fram tillaga að reglum um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur. Reglurnar hafa verið samþykktar af skóla- og velferðarnefnd Árneshóla.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögu með 5 atkvæðum.

b) Reglur um félagslegt leiguhúsnæði

Lögð fram tillaga að reglum um félagslegt leiguhúsnæði. Reglurnar hafa verið samþykktar af skóla- og velferðarnefnd Árneshóla.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi reglur og umsóknareyðublað með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá Flóaáveitufélaginu – beiðni um nafn á aðkomuveg að Flóðgátt við Hvítá

Lagt fram erindi frá stjórn Flóaáveitufélagsins þar sem óskað er eftir leyfi sveitarstjórnar til þess að nefna aðkomuveg að inntaksmannvirki Flóaáveitunnar við Hvítá „Þórsveg“ til heiðurs Þór Vigfússyni fyrrverandi skólameistara FSU.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við nafngiftina.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Beiðni um umsögn sveitarstjórnar – nýtt lögbýli, Skyggir úr landi Hróarsholts

Lagt fram erindi frá Elísabetu Rún Ágústsdóttur og Helga Eyjólfssyni þar sem óskað er um umsagnar sveitarstjórnar vegna umsóknar þeirra um lögbýlisrétt á nýju býli þeirra, úr landi Hróarsholts L197781.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við stofnun lögbýlisins. Ekki eru heldur gerðar athugasemdir við nafnið Skyggir á nýja býlið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Til allra sveitarfélaga frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, - yfirferð á gjaldskrá vatnsveitu

Lagt fram erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til allra sveitarfélaga þar sem fjallað er um þær forsendur sem sveitarfélög leggja til grundvallar við ákvörðun um gjaldskrá vatnsveitna. Óskað er eftir upplýsingum um það hvaða forsendur liggja að baki við ákvörðun um gjaldskrá vatnsveitu og álagningarhlutfall. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um langtímaáætlanir varðandi uppbyggingu veitunnar.

Sveitarstjórn fór yfir gjaldskrána og forsendur hennar og fól sveitarstjóra taka saman umbeðnar upplýsingar og senda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Erindi frá SA – hækkun á fasteignamat, álagning fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði

Lagt fram erindi frá Samtökum atvinnulífsins þar sem sveitarfélög eru hvött til lækkunar á álagningarhlutfalli fasteignaskatts í kjölfar Covid 19. Einnig er bent á hækkað fasteignamat. Bent er á að Flóahreppur lækkaði álagningarhlutfall fasteigna í c flokki um 0,15 % fyrir árið 2021.

Erindinu vísað til vinnu við undirbúning fjárhagsáætlunargerðar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Erindi frá SEM samtökunum – styrkbeiðni

Lagt fram erindi frá SEM samtökunum um styrk til kaupa á fjórum fjallahjólum fyrir hreyfihamlaða.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum styrk kr. 50.000 til verkefnisins.

17. Svæðisskipulag Suðurrhálendisins 2020 - 2032:

- a) Starfsreglur fyrir svæðisskipulagsnefnd Suðurrhálendis
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum fyrirbyggjandi starfsreglur fyrir sitt leyti. Tekið er fram að Flóahreppur á aðeins áheyrnarfulltrúa í þessu verkefni.
Sveitarstjóra falið að undirrita starfsreglurnar fyrir hönd Flóahrepps.
- b) Skipulagslýsing fyrir svæðisskipulag Suðurrhálendis
Sveitarstjórn Flóahrepps hefur farið yfir lýsingu skipulagsáforma fyrir Svæðisskipulag Suðurrhálendis 2020-2032 sem samþykkt var á fundi Svæðisskipulagsnefndar þann 25. maí sl. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir lýsingu til kynningar í samræmi við 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og grein 3.2.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

18. Frá Alþingi

- a) Tillaga til þingsályktunar um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál
Lagt fram til kynningar.
- b) Frumvarp til laga um fjöleignahús, 597. mál
Lagt fram til kynningar.
- c) Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka framboð og neyslu á grænkerafæði, 612. mál
Lagt fram til kynningar.
- d) Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 640. Mál
Lagt fram til kynningar.
- e) Tillaga til þingsályktunar um nýja velferðarstefnu fyrir aldraða, 720. mál
Lagt fram til kynningar.

19. Viðauki I við fjárhagsáætlun ársins 2021 – 2024

Lögð fram gögn vegna viðauka I við fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2021 – 2024. Viðaukinn gerir ráð fyrir 21,3 millj. kr. hækkun skatttekna, 17,8 millj. kr. hækkun annarra tekna, hækkun á launakostnaði 11,5 millj. og auknum öðrum rekstrarkostnaði 19,5 millj. Hækkun fjárfestingar 2,9 millj. kr. Handbært fé hækkar um 5,5 millj. kr. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðauka 1 við fjárhagsáætlun ársins 2021 - 2024 með 5 atkvæðum

20. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 249, dags. 11.05.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 128, dags. 18.05.2021
Ábending fræðslunefndar Flóahrepps um skólaakstur þarfnast umfjöllunar sveitarstjórnar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra kanna hvaða reglur gilda hjá nágrennasveitarfélögum varðandi þann tíma sem börn mega verja á dag í skólabílum. Einnig er stjórnendum falið að skoða hve lengi nemendur sitja í skólabílum Flóaskóla.
Skóladagatal Flóaskóla lagt fram og samþykkt með 5 atkvæðum.
Fundargerðin að örðu leyti lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn Flóahrepps hvetur íbúa Flóahrepps til þess að taka virkan þátt í íbúafundi mánudaginn 21. júní n.k. í Þingborg klukkan 20:00 og hafa með því áhrif á áherslur í skólamálu í sveitarfélaginu.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- c) Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps dags. 03.05.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Stjórnar UTU nr. 86, dags. 26.05.2021

- Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) NOS dags. 20.05.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfna nr. 48, dags. 11.05.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfna nr. 49, dags. 18.05.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfna nr. 50, dags. 26.05.2021 ásamt tillögum að vinnureglum
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) Vorfundar Héraðsnefndar Árneshöfna dags. 18.05.2021
Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;
Liður nr. 12: Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árneshöfna – tilboð um húsnæði
Ákveðið var að bjóða verkið út og voru útboðsgögn unnin af Eflu. Einungis eitt tilboð barst frá Akurhólum ehf. upp á 389 millj.kr. fyrir fullbúið húsnæði án húsgagna og afhendingartíma í október 2022.
Héraðsnefndin leggur til að tilboði Akurhóla ehf. verði tekið og er stjórn falið að semja við Akurhóla ehf að fengnu samþykki aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar um að fara í verkefnið.
Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar því að húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árneshöfna séu komin í farveg og samþykkir með 5 atkvæðum tillögu héraðsnefndarinnar um framkvæmd verksins eins og hún liggur fyrir.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- j) Almannaþingarnefndar Árneshöfna nr. 7, dags. 22.03.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) Framkvæmdaráðs Almannaþinga Árneshöfna dags. 22.03.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) Framkvæmdaráðs Almannaþinga Árneshöfna dags. 14.05.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) Stjórnar Brunanna Árneshöfna nr. 14, dags. 03.02.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) Stjórnar Brunanna Árneshöfna nr. 15, dags. 13.04.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- o) Stjórnar Tónlistarskóla Árneshöfna nr. 199, dags. 10.05.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- p) Stjórnar SASS nr. 569, dags. 07.05.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- q) Aðalfundar Háskólafélags Suðurlands ehf. nr. 13, dags. 19.05.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- r) Starfshóps sveitarfélaganna um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlandi
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- s) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 898, dags. 28.05.2021
- t) Fundargerðin lögð fram til kynningar.

21. Efni til kynningar

- a) Frá Héraðsskjalasafni Árneshöfna – Málalykill Flóahrepps
- b) Opið bréf til sveitarfélaga um framboð á grænkerafæði í leik- og grunnskólum
- c) Frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu – umburðarbréf vegna breytinga á jarðalögum nr. 81/2004
- d) Frá Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins til sveitarstjórna – Bonn áskorunin um útbreiðslu skóga
- e) Kvörtun Samtaka Orkusveitarfélaga til Eftirlitsstofnunar Efta vegna skráningar og mats á fasteignum sem eru nýtt til orkuvinnslu eða flutninga á raforku
- f) Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar covid - 19, stöðuskýrsla nr. 115 til ráðgefandi aðila

22. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók

23. Önnur mál:

- a) Kynning á námusvæði í landi Urriðafoss.
- b) Íbúafundi vegna skólastefnu Flóahrepps sem áætlaður var 9. júní er frestað til mánudagsins 21. júní vegna íþróttamóts .
- c) Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn þriðjudaginn 6. júlí klukkan 13:00 í Þingborg.

Árni Eiríksson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)